

230. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	23.4.2013	Fundartími:	17.00 – 19.00
Fundarstaður:	Höfðabakki 9, Efla	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Grétar Leifsson (GL), Kristján Ottósson (KO), Steinar Gíslason (SG), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Kristján Kristjánsson (KK) og Snæbjörn R. Rafnsson (SRR)		
Forföll:	Benedikt Jónsson (BJ) og Sigurður Sigurðarsson (SS)		

1. Stjórnarfundur nr. 230 settur af nýjum formanni, Grétari Leifssyni.
2. Stjórnin skiptir með sér verkum.
GL telur upp stjórnarmenn, sem kosnir voru á nýafstöðnum aðalfundi; Tillaga kom um eftirfarandi:
Benedikt Jónsson, varaformaður
Sigurður Sigurðsson, gjaldkeri
Kristján Oddur Sæbjörnsson, ritari
3. Síðasta fundargerð samþykkt án athugasemda. KO nefndi að búið væri að stofna Facebook síðu fyrir félagið. Fundarmenn ræddu um leiðir til að gera félagið líflegra og sýnilegra og reyna að ná upp umræðu um lagnamál almennt.
4. Á síðasta ári hélt KO námskeið fyrir eldri borgara um notkun lagnakerfa. 25 manns sóttu námskeiðið og segir KO mikla þörf fyrir fleiri námskeið fyrir notendur og eigendur fasteigna. Rætt var um leiðir til að halda slík námskeið og/eða annars konar kennslu. Ef viljinn er fyrir hendi ætti að vera hægt að koma svona námskeiði á. SRR benti á að styrkir frá framleiðendum búnaðar og fleira getur komið upp á móti útlögðum kostnaði.
SG minntist á í þessu samhengi að vert er að kynna fyrir fólki á endingartími búnaðar er takmarkaður.
KOS benti einnig á annan vinkil. Það vantar oft upp á að hönnuðir og aðrir lagnamenn hafi samband við eigendur/notendur kerfa eftir að kerfi hafa verið sett upp til að spyrja hvernig kerfin ganga. Þetta er í mörgum tilfellum einungis spurning um eitt símtal en getur skipt miklu máli fyrir bæði hönnuð og einnig notandann. Hönnuðurinn fær staðfestingu á að kerfið virki, eða lærir að eitthvað hafi betur mátt fara. Að sama skapi fær eigandi kerfisins þá tilfinningu að okkur lagnamönnum sé ekki sama um kerfin.
5. Farið yfir skipan í fagráðin.
Fagráð loftræsikerfa; KOS segir að þar sem hann er kominn inn í stjórn finnst honum rétt að aðrir taki við, því vill hann tilnefna Kjartan Mar sem formann fagráðsins. Einnig er miðað við að finna nýja blikksmiði inn í fagráðið. KOS kemur með tillögur.
KK segir lðuna vanta tilnefningar að námskeiðum – hvar er mest þörf fyrir

námskeið. Honum var bent á að ræða við Þóri Guðmundsson um þetta mál. Fagráð pípulagnakerfa; GL vill tilnefna annan aðila í formann. SRR samþykkti að ganga í fagráðið. SRR bendir á að ræða mætti við meistarafélagið um að koma að ráðinu. KO segir LAFÍ hafa verið í sambandi við þá í gegnum tíðina. Fagráð stjórnkerfa; KO talar við SS um fagráðið.

6. Verkefnið „Lokafrágangur lagnakerfa“. Verður rætt á næsta stjórnarfundi.
7. Handbók lagnakerfa. Sjá lið nr. 8.
8. Lagt til að skipuð verði þriggja manna nefnd til að leita ráða að hver beri ábyrgð á virkni lagna- og loftræsikerfa. Nefndin yrði skipuð af KO, BJ og KOS. Töluvert var rætt um virkniprófanir og ábyrgðir á virkni kerfa. Þá var einnig rætt um fyrirhugaðar fagstofur á úttektum lagnakerfa út frá nýju reglugerðinni.
9. Lagnakerfamiðstöðin. Ekkert nýtt að fréttu. Fundarmenn lýstu óánægju sinni með ástandið og hvernig Tækniskólinn hefur haldið á málum. Skipað hefur verið fagráð Lagnakerfismiðstöðvarinnar og í því sitja Þórir Guðmundsson og Sveinn Áki Sverrisson frá Lagnafélagi Íslands.
10. Lagnafréttir 41 er komin út. Rætt var um hvernig betur mætti vekja athygli á því þegar Lagnafréttir sé komið út og komið inn á vef LAFÍ. Rætt var aðeins um Lagnafréttir og ber KO heiður skilinn fyrir vandaða útgáfu. KO minnti á bók nr. 39 um úttektir í sambandi við úttektarumræðuna.
11. Fréttabréf 119 er í vinnslu.
12. Minnt á að það vantar alltaf greinar í fréttabréfið og inn á vef LAFÍ. Gott væri að fá stutt ágríp þar sem tekin eru fyrir ákveðin málefni/vandamál ofl. Umræða skapaðist um notkun lagnaefnis, þá helst álpex. GL talaði um notkun þess með öðrum lagnaefnis s.s. galv. GL benti á að álpex er flokkað í 5 gæðaflokka. Hæsti gæðaflokkurinn tryggir einungis max 15 ára endingu við 80°C. Rætt var aðeins um skaðabótamál ofl. í tengslum við þetta. Framleiðendur röra kveða á um að tengistykki þurfa að vera sýnileg en algeng er jú að þau er inn í veggjum. SRR benti á að hefðir sem hafa skapast geta vegið upp á móti því sem framleiðendur tala um út frá lögfræðilegu áliti.
13. Myndatöku frestað þangað til að allir stjórnarmenn væru viðstaddir.
14. Næsti fundur er áætlaður 16. maí. Boðað verður til hans síðar.